

13
2. apríl

L Ö G

um lántökuheimild til handa síldarverksmiðjum ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síldarverksmiðjum ríkisins er heimilt að taka allt að 4400000.00 kr. lán til að standa straum af kostnaði við stækkun verksmiðjunnar S.R. 30 á Siglufirði o. fl.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán það, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.).

Áki Jakobsson.

14
2. apríl

L Ö G

um embættisbústaði héraðsdómara.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdómara utan Reykjavíkur, láta byggja eða kaupa, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, 1—2 íbúðarhús á ári handa héraðsdómurum, enda sé þar rúm fyrir skrifstofur þeirra, skjalasafn o. s. frv. — Byggingarnar skal gera eftir teikningum, er ráðherra hefur samþykkt. Byggingum þessum skal haga í samræmi við húsnæðisþörf og aðstæður á hverjum stað, og skal vandað til staðarvals og byggingarlóða. Þar skal fyrst byggja, er þörfin er mest að dómi ráðherra.

Ráðherra getur ákveðið, að byggja megi embættisskrifstofur og íbúðarhús hvort í sínu lagi.

2. gr.

Nú verða héraðsdómaraskipti og sá, er af störfum lætur, eða bú hans á hús, sem að dómi ráðherra er hæfur héraðsdómarabústaður, og skal þá ríkisstjórnin kaupa eignina, ef viðtakandi héraðsdómari óskar, enda fáist hún fyrir hæfilegt verð að dómi sérfróðra, óvilhallra manna.